

aðalfundur búnaðarsambandsins samþykki það með að minnsta kosti $\frac{3}{5}$ atkvæðis-
bærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til. 70

30. marz

28. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

29. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi er hún hefur verið staðfest af landbúnaðar-
ráðherra.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarð-
ræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð nr. 36 20. febr. 1946, um
jarðræktarsamþykktir, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist
til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. marz 1949.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

AUGLÝSING

71

20. maí

um að Keflavík verði sérstakt skipaskráningarumdæmi.

Ráðuneytið hefur ákveðið, að framvegis verði Keflavík sérstakt skipaskrán-
ingarumdæmi og fái umdæmisbókstafina KE.

Fjármálaráðuneytið, 20. maí 1949.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Ingibjargar Geir-
þrúðar (Stellu) Guðmundsdóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- 72
málaráðherra 23. maí 1949. 23. maí

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ingibjargar Geirþrúðar (Stellu) Guðmundsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Ingibjargar Geirþrúðar (Stellu) Guðmunds-
dóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Ingibjörgu Geirþrúði (Stellu) Guð-
mundsdóttir af foreldrum hennar Guðmundi Péturssyni kaupmanni og konu hans
Þorgerði Bogadóttur.

Stofnfé sjóðsins er 10 000 krónur.